


## listatíminn-listatíminn-listatími



# PICASSO

Í tilefni af sýningu á verkum Picasso á komandi Listahátíð hefur Haraldur Jóhannesson sett saman nokkrar greinar um þennan merka málara.

Hér birtist sú fyrsta, en síðan munu fleiri birtast með reglulegu millibili fram að hátíð.

## Bernsku- og unglingsár

Pablo Ruiz Picasso var fæddur í Malaga 25. október 1881, sonur José Ruiz Balsco listmálara og eiginkonu hans, Maríu Picasso Lopez. Þau voru bæði að miklu leyti af andalúskum stofni, þótt ættir þeirra greindust víðar, en um þær hefur allmargt verið til tínt. Í beinan karllegg rakti faðir hans ætt sína fram á miðja 16. öld, til riddara Juan de Leon, sem bjó í grennd við Valladolid, en ættarnafnið Ruiz mun hafa verið tekið úr kvenlegg á 17. öld. Langafi Picasso, Jose Ruiz de Fuentes settis að í Malaga. Sonur hans, Diego Ruiz de Almoquera hanskerðarmáður, átti Maríu de la Paz Blasce y Echevarria, sem mun hafa verið af baskneskum ættum. Áttu þau ellefu börn. Elsti sonur þeirra, Diego, starfaði í utanríkisþjónustunni, annar Pablo varð doktor í guðfræði og prestur við dómkirkjuna í Malaga, og enn annar, Salvador, varð læknir. Sá fjórði og yngsti, Jose, naut stuðnings bróður síns dómkirkjuprestsins til listmálaránáms.

Móðurfaðir Pablo hét Francisco Picasso. Gekkt hann um skeið á skóla

á Englandi, en gekk í þjónustu nýlendustjórnarinnar á Kúbu, þar sem hann mun hafa látist úr gulusótt 1883. Faðir Francisco þessa mun hafa verið fæddur á Ítalíu, í þorpi við Recco í grennd við Genúu. Þess er til


getið, að hann hafi verið í ætt við málara Matteo Picasso (f. 1794 í Recco), sem gat sér orð fyrir andlitsmyndir, en sönnur hafa ekki verið á það færðar.

Að frænda ráði stóð til, að Jose

Ruiz gengi að eiga frænku Maríu Picasso, en hann felldi til hennar hug, og eftir nokkurt þóf var fallist á þann ráðahag. María var lítil og snör og með hrafnsvart hár, en Jose var í herra lagi, rauðbirkin og hægur í fasi. Íbúð fengu þau á leigu í hvít-kölkudu sambýlishúsi við Plaza de la Mercea, sem var í eigu de Ignato markgreifa, góðkunnis listunnanda en af Jose Ruiz tók hann stundum málverk upp í leigu. Pablo var frumburður þeirra hjóna. Yfirsetukonan, sem á móti honum tók, sá ekki með honum lífsmark og lagði á borð, en gaf sig alla að móður hans. Föðurbróðir hans, Salvador læknir, sem viðstaddur var, greip hann á loft og kom honum til að draga andann. Margsinnis heyrði drengurinn frá þessu sagt í bernsku. Hann var heitinn eftir dómkirkjuprestinum, föðurbróður sínum, sem lést stuttu eftir fæðingu hans. Varðveittar hafa verið nokkrar frásagnir frá uppvexti hans. Í desember 1884 varð snarpur jarðskjálfti í Malaga. José hljóp heim til konu sinnar, sem komin var langt á leið með annað barn sitt, og fór með hana og Pablo heim til vinar síns, Antonio Munoz Degrain, sem í

rammlegu húsi bjó. Þar ól María mey barn, Lolu. Munoz var landskunnur málari, og hanga sögulegar myndir hans enn uppi á söfnum í Andalúsíu. Hins vegar nutu málverk José Ruiz ekki vinsælda, þótt hann hefði vald á spænskum raunseisstil. Skömmu eftir að hann gekk í hjónaband varð hann þess vegna kennari við San Telmo handíðaskólann og umsjónarmaður með borgarlistasafninu, sem var í ráðhúsinu.

Bernskuár Pablo í Malaga urðu honum hugstæð. Plaza de la Merced stendur við gamla borgarhlíðið á veginum til Granada og allmiklu herra en höfnin. Á torginu var garður með trjám og blómum, og á því miðju stóð minnisvarði um fallna í tveimur uppreisnum fyrr á öldinni gegn einræði krúnunnar. Þar í kring átti fátækt fólk heima. Skelsúpa var helsta viðurværi þess, og hlaut hverfið af því viðurnefni, „að súpa og sötra“, (chupa y tira). Eftir að allur fiskur hafði verið sögnur úr skeljnum, var þeim fleygt út um gluggann og lágu þær á víð og dreif fyrir fótum



6. „Myndabréf“, Pablo (Ruiz Picasso).